

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 68. fundur.

að Hlíðavegi 6, 10. desember 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Deiliskipulag Björk, var frestað á fundi 26. nóv.
3. Fjárhagsáætlun 2010, fyrri umræða.
4. Í.M.S. gjaldskrárbreyting, var frestað á fundi 26. nóv.
5. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar um breytingu á forsvarsmanni Dimmuborga ehf.
6. Umsögn um frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfansfljóts.
7. Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög.
8. Kosning fulltrúa í sameiginlega nefnd Skútustaðahrepps og Pingeyjarsveitar um slökkvilið og brunavarnir.
9. Fundargerð Landbúnaðarnefndar dags. 7. des.
10. Bréf frá Þuríði Helgadóttur og Þórhalli Kristjánssyni dags 7. des.

Til kynningar:

- Bréf Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði dags. 18. nóv.
 Afrit af bréfi Eypings til sveitarstjórna í Eyjafirði dags. 25. nóv.
 Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Fuglasafns Sigurgeirs.
 Bréf Sambands Ísl. sveitarfélaga dags. 30. nóv.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Elín Steingrimsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að breyta röð dagskrárliða þ.e. liður 10 yrði tekinn fyrir strax á eftir lið tvö og að fjárhagsáætlunin yrði tekin fyrir síðust. Samþykkt samhljóða.

2. Deiliskipulag Björk, var frestað á fundi 26. nóv.

Fyrir fundinum liggur deiliskipulagstillaga unnin af Búgarði verknr. 09-104. Sveitarstjórn getur því miður ekki samþykkt tillöguna óbreytta til auglýsingar þar sem að hún telur að deiliskipulagstillagan uppfylli ekki markmið um gerð deiliskipulags m.a. vegna eftirtalinnna atriða. Deiliskipulagstillagan er óskýr og erfitt að átta sig á henni. Deiliskipulagsreiturinn sjálfur er mjög lítill miðað við annað á teikningunni, þó að það þurfi að sýna afstöðu reitsins til umhverfisins þá á hinn skipulagði reitur að vera aðaltriðið og umhverfið aukaatriði. Ekki er getið um fornleifaskráningu á hinum skipulagða reit, ekki eru sýnd bílastæði og ekki er getið um stærð byggingareita. Þá veltir sveitarstjórn því fyrir sér afhverju deiliskipulagstillagan nær ekki yfir allt athafnsvæði Voga ferðaþjónustu ehf.

Sveitarstjórn er tilbúin að taka tillöguna aftur til umfjöllunar þegar tekið hefur verið tillit til framansagðra atriða.

3. Bréf frá Þuríði Helgadóttur og Þórhalli Kristjánssyni dags. 7. des.

Með bréfi dags. 7. des. gera Þuríður Helgadóttir og Þórhallur Kristjánsson f.h. Voga ferðaþjónust ehf. að umtalsefni afgreiðslu Bygginganefndar á erindi þeirra um stöðuleyfi fyrir geymsluhús við hlið veitingastaðar fyrirtækisins, en Bygginganefnd lagði til á fundi sínum 16. nóv. að erindinu yrði hafnað. Jafnframt gagnrýna þau að ekki hafi borist svar frá sveitarstjórn við ósk þeirra um stöðuleyfið.

Í bréfinu er rakin ástæða þess að húseiningin var sett niður áður en tilskilin leyfi lágu fyrir og að af tveimur ástæðum mætti ætla að stöðuleyfið fengist eftir á eins og reyndin hefur verið hjá öðrum aðilum hér í sveit. Fyrri ástæðan er sú að í maí s.l. hafi legið fyrir tillaga að deiliskipulagi á umræddu svæði og þar er gert ráð fyrir allt að 300 m² þjónustuhúsum. Gamla Essosjoppa og umrædd húseining standa inná fyrirhuguðum byggingarreit samkvæmt deiliskipulagstillögunni. Viðbótarbyggingunni er ætlað að víkja sem allra fyrst þegar hægt verður að hefja byggingu varanlegra mannvirkja. Síðari ástæðan er sú að allar byggingar á lóðinni eru á tímabundnu stöðuleyfi og í bókun Bygginganefndar frá 20 maí s.l. er lagst gegn því að leyft verði að staðsetja hús nær þjóðvegi en núverandi þjónustuhús stendur. Af þessu hefði mátt álykta að Bygginganefnd legðist ekki gegn staðsetningu húsa sem staðsett væru jafnlangt eða fjær þjóðvegi en núverandi hús.

Í niðurlagi bréfsins er sveitarstjórn hvött til að koma á staðinn og kynna sér málið því ef brugðist verði við samkvæmt bókun Bygginganefndar, þýði það

lokun veitingastaðarins og framtíð fyrirtækisins stefnt í óvissu. Spurt er hvort það sé vilji sveitarstjórnar. Þá er jafnframt óskað eftir því að stöðuleyfi fyrir umrætt geymsluhús verði endurskoðað.

Í fyrsta lagi vill sveitarstjórn taka fram að hún svarar ekki fundargerðum Bygginganefndar, Bygginganefnd gerir það þegar sveitarstjórn hefur afgreitt fundargerðina. Svar Bygginganefndar við erindi Voga ferðaþjónustu ehf er dagsett 27. nóvember. Bréfritarar hafa ítrekað sótt um og fengið stöðuleyfi eftirá, síðast snemma í sumar og hægt hefði verið á þeim tíma að óska eftir stöðuleyfi fyrir nefndri húseiningu og niðurstaða Bygginganefndar hefði þá legið fyrir áður en að framkvæmdir hófust. Það er því ekki hægt að segja að bréfritarar hafi ekki notið velvildar sveitarstjórnar hvað þetta varðar. Varðandi framlagða deiliskipulagstillögu þá barst hún um miðjan júlí á meðan sveitarstjóri var í sumarfrí, ekkert erindi barst með tillögunni. Á haustdögum var forsvarsmönnum Voga ferðaþjónustu bent á að óbreytt tillaga yrði ekki samþykkt og átti sveitarstjóri símtal við skipulagshönnuð deiliskipulagsins þar sem athugasemdum var komið á framfæri. Lítið breytt tillaga barst stuttu síðar. Að framansögðu getur sveitarstjórn ekki fallist á að það sé á hennar ábyrgð ef að framtíð Voga ferðaþjónustu ehf er stefnt í óvissu. Sveitarstjórn er ekki tilbúin að endurskoða ákvörðun um höfnun stöðuleyfis fyrir margnefnt geymsluhús en samþykkir að beita ekki dagsektarákvæði fyrr en eftir 1. apríl 2010. Að lokum minnir sveitarstjórn á bókun frá 8. október s.l. er varðar leyfislausar byggingar í sveitarfélaginu, svohljóðandi.

„Leyfislausar byggingar í Mývatnssveit.

Ræddar voru leyfislausar byggingar í Mývatnssveit. Sveitarstjórn er orðin langþreytt á ástandinu og áttar sig hreinlega ekki á því hvernig stendur á að það skuli heyra til undantekninga að menn óski leyfis fyrir framkvæmdum áður en þær hefjast, eins og kveðið er á um í lögum.

Sveitarstjórn samþykkir að beita 1. mgr. 57 gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 og felur byggingafulltrúa að senda þeim aðilum sem uppvísir hafa orðið að því að reisa byggingar í óleyfi bréf, þar sem viðkomandi verða gefnar fjórar vikur til úrbóta að öðrum kosti verði lagðar á dagsektir kr. 20.000,- á dag.“

4. Í.M.S. gjaldskrárbreyting, var frestað á fundi 26. nóv.

Sveitarstjórn leggur til að öll gjaldskráin verði tekin til endurskoðunar en ekki bara hluti af henni. Þá samþykkir sveitarstjórn að börn fimmtán ára og yngri fái frítt í sund.

5. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar um breytingu á forsvarsmanni Dimmuborga ehf.

Með tölvupósti er óskað umsagnar sveitarstjórnar um breytingu á forsvarsmanni rekstrarleyfis Kaffi Borga /Dimmuborgum. Forsvarsmaður var Gunnar Jóhannesson en verður Steinunn Ósk Stefánsdóttir. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nefnda breytingu.

6. Umsögn um frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfafljóts.

Með tölvupósti dags. 27. nóv. óskar Umhverfisstjórn Alþingis eftir umsögn sveitarstjórnar á frumvarpi til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts, 44. mál. Þess er jafnframt óskað að umsögnin berist fyrir 18. desember.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 28. nóvember 2008 var tekin til umsaganar tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts, 34 mál. Skoðun sveitarstjórnar hefur ekki breyst frá því sú umsögn var veitt og er hún ítrekuð hér.

„Þó að sveitarstjórn Skútustaðahrepps geti tekið undir margt af því sem fram kemur í fyrrnefndu plaggi þá telur hún að það sé ekki í hennar valdi að mæla með friðlýsingu Skjálfandafljóts. Slíkt hlýtur alltaf að vera á valdi þeirra sveitarfélaga sem þar fara með stjórnslu.“

7. Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög.

Með tölvupósti dags. 2. des. óskar Samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn sveitarstjórnar um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa) 15. mál. Þess er jafnframt óskað að umsögnin berist fyrir 16. des.

Sveitarstjórn leggst alfarið gegn framkomnu frumvarpi. Í fámennari sveitarfélögum gengur ekkert alltof vel að manna sveitarstjórnir eins og lögin eru í dag hvað þá ef frumvarpið verður samþykkt og fjölgað í sveitarstjórnnum. Á Alþingi Íslendinga sitja 63 þingmenn og ef að það telst nóg til að stjórna rúmlega þrjúhundruð þúsund manns, sér sveitarstjórn enga ástæðu til að fjölga t.d. borgarfulltrúum Reykjavíkur (ca 120 þús. manns) úr 15 í 61 nema að það sé verið að gefa landsbyggðinni tækifæri til að koma að fulltrúum við stjórn höfuðborgarinnar.

8. Kosning fulltrúa í sameiginlega nefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um slökkvilið og brunavarnir.

Fulltrúi Skútustaðahrepps er Kristján Stefánsson og til vara Böðvar Pétursson.

9. Fundargerð Landbúnaðarnefndar dags. 7. des.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að framkomnir reikningar til uppgjörs fjallskila eru kr. 333.661.-. Fjallskilasjóðsgjald pr. kind er kr. 172.-. og girðingargjald pr. kind í hreppnum kr. 150.-. Stærsti þátturinn í háum aksturskostnaði í göngum er flutningur á hrossum. Rætt var um hvort ætti að greiða fyrir þennann flutning þar sem ekki allir senda reikning fyrir slíkum akstri auk þess eru yfirleitt ekki sendir reikningar fyrir flutning á hjólum. Þá kemur líka fram í öðrum lið fundargerðarinnar að ekki hafi borist gangnaskýrslur frá gangnaforingjum í Veggjum og Gæsafjöllum.

Í þriðja lið fundargerðarinnar er tekið fyrir bréf Ólafar Hallgrímsdóttur þar sem hún gerir athugasemdir við fyrirkomulag gangna á Neðri Miðfjöllum. Ýmsar umræður urðu um innihald bréfsins. Landbúnaðarnefnd telur alveg ljóst að tilhögun gangna verði að vera í fastara formi en nú er og að á gangnaseðli þurfi að koma fram hvernær eigi að fara í allar göngur. Þá telur nefndin hugsanlegt að breyta þurfi tilhögun gangna á Neðri Miðfjöllum þannig að svæðið sem smalað hefur verið í fyrstu göngum með einu dagsverki verði t.d. smalað af gangnamönnum Norðurfjalla. Nefndin telur að notkun mótörhjóna við smölun eigi í einhverjum tilfellum rétt á sér en brýna þurfi fyrir hjólamönnum hvernig eigi að haga sér svo að ekki verði eftir djúp sár í náttúrunni og að aðgát skuli höfð í návist fólks og fénaðar. Landbúnaðarnefnd

telur alveg ljóst að ekki hafi verið boðað til þriðju gangna, einhverjir hafi klárlega skilað sínum dagsverkum en aðrir ekki og þá vegna þess að þeir hafi ekki verið boðaðir. Nefndin mælist til þess að ekki verði greitt fyrir aukaferðir nema fjallskilastjóri óski eftir slíku. Landbúnaðarnefnd harmar það sem miðurför í göngum s.l. haust og vonast til þess að slíkt endurtaki sig ekki. Í þriðja lið fundargerðarinnar er mælt til þess að framvegis verði ekki farið í þriðju göngur í Veggri þar sem gangnaforingi telji að þar sé betra að nota eftirleitardagsverk í stað þriðju gangna. Halldór Árnason gangnaforingi í Neðri Miðfjöllum hefur sagt af sér.

Í lok þriðja liðar kemur fram að Sólveig Hinriksdóttir sitji í nefnd sem yfirfara skuli Fjallskilasamþykktir í Suður Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar þar sem m.a. er verið að kanna hvort hægt sé að sameina þær í eina. Til stendur að funda með fjallskilastjórum og Landbúnaðarnefndum í byrjun nýs árs vegna þessa. Sveitarstjórn samþykkir lið tvö og gerir ekki athugasemdir við aðra liði fundargerðarinnar.

Sveitarstjórn mælist til þess að eftirleiðist verði ekki greiddir reikningar vegna kostnaðar við göngur nema viðkomandi gangnaforingjar skili gangnaskýrslum.

10. Fjárhagsáætlun 2010, fyrri umræða.

Farið var yfir fjárhagsáætlunina og urðu nokkrar umræður.

Minnisblað.

Fjárhagsáætlun 2010.

Helstu forsendur

- 1) Útsvar verði 13,28% *
- 2) Reiknað er með 5% hækkun rekstrargjalda.
- 3) Reiknað er með 5% hækkun launakostnaðar.
- 4) Ekki er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í rekstri sveitarfélagsins.
- 5) Gert er ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins hækki um 6%.
- 6) Endurnýja þarf kaldvatnstank. Ekki tókst að ljúka því verki árið 2009 eins og til stóð. Áætlaður kostnaður 20 millj. Áfram verður haldið við endurnýjun á lögnun veitnanna (áfangi 3) þ.e. vinnu, efniskaup fóru fram 2009. Haldið verður áfram vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins, fyrir 5 milljónir. Gert er ráð fyrir 4 milljónum. til bílakaupa.
- 7) Gjaldstofnar eru þegar fullnýtir. Almennt verða gjaldskrár hækkaðar um 5% nema gjaldskrá fyrir sorp sem hækkar um 15%.
- 8) Ljóst er að fylgjast verður vel með rekstrinum.

Vísað til seinni umræðu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Elín Steingrímsdóttir,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.